

Staðan á framhaldssögu samkeppnismálsins

LEIÐARI

Eins og margir muna kvað áfrýjunarnefnd upp úrskurð í nóvember 2016 að Mjólkursamsalan hefði ekki brotið nein lög með framgöngu sinni á markaði. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um meint brot MS á árunum 2008-2013 var felld úr gildi og MS endurgreidd 440 m.kr. sekt með vöxtum. Þetta var endanleg niðurstaða á stjórnslustigi og alger sigur fyrir MS varðandi efni málsins. Samkeppniseftirlitið gaf þá út að stofnunin hygðist nýta sér sérstaka lagaheimild og stefna MS fyrir dómstóla til ógildingar á niðurstöðu áfrýjunarnefndar.

Samkeppniseftirlitið(SE) hefur nú höfðað dómsmál gegn Mjólkursamsölu (MS) til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. MS mun samhliða leita úrlausnar dómstóla varðandi þá sekt sem MS var gerð fyrir upplýsingabrot undir rekstri málsins. Málflutningur í þessu sameinaða máli er áætlaður í maí n.k. Málarekstur mun líklega taka nokkur ár, en við ætlum ekki að láta það trufla starfsemi MS og þjónustu við viðskiptavini, eða starfsandann í fyrirtækinu.

Enda þótt mjólkuriðnaðurinn hafi heimild til samstarfs á grundvelli búvörulaga er hann ekki undanþeginn banni samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitið heldur því fram í málshöfðun sinni að MS hafi brotið gegn banninu en áfrýjunarnefndin talið að ákvæði búvörulaga veittu undanþágu frá bannreglunni. Enginn fótur er fyrir þessari túlkun því niðurstaðan byggðist á að engin misnotkun hefði átt sér stað. Áfrýjunarnefndin úrskurðaði að framkvæmd samstarfsins hefði verið málefnaleg og forsvaranleg. Því liggur fyrir:

- Málarekstur Samkeppniseftirlitsins snýr ekki að neinum álítaefnum til framtíðar. Hann snýst um álítaefni úr fortíðinni, frá árunum 2008 – 2013, sem öll hafa verið útkljáð, meðal annars með breytingum og ákvörðunum hjá MS og Auðhumlu svf. Engin þörf er heldur á því að leita eftir skýrari línun um gildissvið samkeppnislaga gagnvart búvörulögum eins og Samkeppniseftirlitið lætur í veðri vaka. Þær liggja þegar fyrir í úrskurði áfrýjunarnefndar.

- Auðhumla selur nú minni framleiðendum hrámjólk á sama verði og MS. Svokallað bændaverð, lægsta verð upp að 300.000 lítrum, hefur einnig verði í gildi í tvö og hálf ár til minni framleiðenda. Þeir njóta því lægra verðs á hrámjólk heldur en MS. Það eru hagsmunir kúabænda, eigenda MS, að sem flestir aðilar starfi að nýsköpun í greininni, að vöruframboð sé fjölbreytt og smærri fyrirtæki skili árangri í framleiðslu úr hrámjólk.
- Ljóst er af afskiptum samkeppnisyrvalda af málefnum mjólkuriðnaðarins, að Samkeppniseftirlitið fjallar ekki um málefni MS og mjólkuriðnaðarins af þeirri hlutlægni sem gera verður kröfu um til stofnunar á vegum ríkisins. Hefur saga þeirra afskipta síðustu tuttugu árin verið tekin saman og talar skýru máli. <https://www.ms.is/um-ms/samkeppnismal/timalina>

Framganga MS á markaði hefur verið í samræmi við efnisreglu samkeppnislaga og annarra laga. Síendurteknar fullyrðingar stjórnenda Samkeppniseftirlitsins um annað hafa ekki staðist. Það er augljóst að stjórnendur þess eru ósáttir við það fyrirkomulag sem löggjafinn hefur ákveðið að hafa á mjólkurmarkaði en þeim ber eins og öðrum í samfélaginu að virða gildandi lög.

Nýjasta varðan í þessari sögu er niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá því í nóvember 2016, sem felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá í júlí 2016 sem hafði sektað MS um 440 mkr fyrir meint samkeppnislagabrot. Var sektin endurgreidd með vöxtum. 40 mkr sekt fyrir upplýsingabrot undir rekstri málsins var hins vegar staðfest en dómstólar munu nú einnig fjalla um þann þátt málsins.

Með góðri kveðju,
Ari Edwald

Deildarfundir Auðhumlu 2018 verða sem hér segir:

Dags.	Kl.	Staður	Deildir
09. mars	11:30	MS Selfossi	Flóa- og Ölfusdeild
12. mars	11:30	Hótel Flúðir	Uppsveitadeild
13. mars	11:30	Hótel Smáratún, Fljóstshlíð	Eyjafjalladeild / Landeyjajadeild / Fljóstshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild, Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild
15. mars	11:30	Hótel Hamar	Snæfells- og Mýrarsýsludeild / Borgarfjarðardeild / Hvalfjarðardeild
19. mars	11:30	Hótel Dyrhólaey	Vestur-Skaftafellsdeild
19. mars	20:00	Hólmur, Mýrum	Austur-Skaftafellsdeild
20. mars	11:30	Gistihúsið Egilsstöðum	Austurlandsdeild
21. mars	11:00	Hótel Sveinbjarnargerði	Norðausturdeild
22. mars	11:30	Hótel Laugabakki	Austur-Húnaþingsdeild / Vestur-Húnaþingsdeild
26. mars	12:00	Cafe Riis, Hólmavík	Breiðafjarðardeild

Aðalfundur Auðhumlu verður haldinn 27. apríl á Hótel Bifröst

Mjólk í mörgum myndum - fréttir af nýsköpun með mjólk

FRÉTTIR

Pétur Pétursson, mjólkurfræðingur fékk styrk frá verkefninu Mjólk í mörgum myndum (MÍMM) á síðasta ári. Verkefnið MÍMM er á vegum Auðhumlu og Matís sem veitir nýsköpunarstyrki til að próa nýjar vörur úr mjólk. Styrkurinn sem Pétur fékk er til þess að próa áfram viðskiptahugmynd um áfengan rjómadrykk sem heitir Jökla og fer styrkurinn í ráðgjöf frá Matís og framkvæmdar áferðar- og geymslupólspófanir. Pétur segir að MÍMM styrkurinn hafi nýst sér vel. „Ég fékk athygli og tengiliði, styrkurinn sjálfur setti hugmyndina um Jöklu á hærra plan og sagði að hún væri einhvers virði. Nýsköpunarsjóðir höfðu áður hafnað hugmyndinni, þar sem þeir væru búnir að styrkja líkjör og sáu ekki virði þess að styðja við „enn einn líkjörinn“ en það er eins og að styrkja nýsköpunarverkefni um jógúrt en hafna skyri þar sem þeir vilja ekki styrkja enn eina jógúrtina, skyrið sem er þó gjörólík vara.“



„Þegar ég fékk styrkinn frá Auðhumlu og Matís fór hugmyndin um Jöklu virkilega í gang.“ Segir Pétur sem segist vera búinn að fá góða aðstoð í mjólkuriðnaðinum. „Ég fór til Mjólkursamlags KS Sauðárkróki og fékk aðstoð þeirra í vinnslutilraunum sem gerði mikið gagn og bætti vöruna. Núna næst er ég á leiðinni til MS Selfoss til þess að prófa önnur tæki við vinnsluna sem þeir búa svo vel að eiga. Matís gerði frábæra skýrslu fyrir mig í millitíðinni um áferð, bragð og annað sem skiptir mig máli í þróuninni. Þeir hvöttu mig til þess að gera frekari tilraunir sem munu fara fram á Selfossi núna um mánaðarmótin.“

Hluti af því að vinna að nýsköpunarverkefni er líka að gera viðskiptaáætlun og skoða markaðinn sem varan fer á og það lítur vel út að sögn Péturs. Talsvert hefur áunnist með kynningar á líkjörnum og almenn ánægja og mikill spenningur fyrir því að fá íslenskan rjómalíkjör á íslenskan markað. Hefur Pétur verið í samtali við hótél, kokka og ferðaþjónustuaðila sem taka honum mjög vel og eru spenntir fyrir því að geta bráðum boðið uppá íslenskan rjómalíkjör úr íslenski



mjólk auk þess hefur Pétur kynnt drykkinn á ýmsum mannafótum eins og við opnun verksmiðju Heilsupróteins á Sauðárkrók á síðasta ári.

Jökla yrði fyrsti íslenski rjómalíkjörinn unninn úr íslenski mjólk og með ethanol úr íslenski ostamysu frá Heilsuprótein ehf. Jökla er alfarið hugmynd mjólkurfræðingsins Péturs Péturssonar þar sem hann nýtir sérþekkingu sína á sviði mjólkurframleiðslu og áratuga reynslu af sölu á landbúnaðarvörum til bænda.

Mjólk í mörgum myndum verkefnið hefur nú nýlega lokað fyrir umsóknir í annað skiptið. Bárust rúmlega tugur umsókna sem er verið að fara yfir. Tilkynnt verður um styrkveitingar að því loknu en ánægjulegast er að sjá þá grósku sem einkennir nýsköpun í kringum mjólk á Íslandi.

Hægt er að fylgjast með facebooksíðu verkefnisins - <https://www.facebook.com/mjolk.i.morgum.myndum/>

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
Verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

Ísey skyr og grísk jógúrt nú fáanlegar í 1 kg fötum

FRÉTTIR

Nú er loksins hægt að fá Ísey hreint skyr og Gríska jógúrt í 1 kg fötum. Sala hófst í lok janúar. Vörurnar koma í handhægum endurlokanlegum fötum með handfangi, kjörin fjölskyldustærð á góðu verði.

Vissir þú . . .

að mjaltþjónar finna einungis 50 – 80% af jógurbólgu í kúm ef leiðnimælingar eru eingöngu lagðar til grundvallar



GRÍSK JÓGÚRT
Nú fáanleg í 1 kg pakkingu
gottimatinn.is



ENN MEIRA SKYR
Á GÓÐU VERÐI
#iseyskyr

Jákvæð umræða um Mjólkursamsöluna þegar vinnufriður ríkir

FRÉTTIR

Þegar fjölmiðlaumfjöllun um Mjólkursamsöluna er skoðuð kemur vel í ljós hversu jákvæð umræðan er um fyrirtækið þegar Samkeppniseftirlitið er tekið út fyrir sviga og eðlileg starfsemi þess fær að njóta sín.

Tímabilið 2013-2018 hefur fjölmiðlaumfjöllun um málarekstur Samkeppniseftirlitsins gagnvart Mjólkursamsölnni haft hvað mest áhrif á almenningssálit gagnvart fyrirtækinu. Álit almenningssálit tekur sveiflu niður á við eftir mikla fjölmiðlaumfjöllun um mál Samkeppniseftirlitsins gegn MS en um leið og umfjöllun er lokið rís ánægja almenningssálit með fyrirtækið aftur upp og það hratt þótt alltaf séu skörð eftir neikvæða umræðu.

Árin 2014 og 2016 er mikil fjölmiðlaumfjöllun um samkeppnismálið. Þau ár birtust samkvæmt talningu fjölmiðlavaktar Creditinfo 166 og 167 neikvæðar fréttir um Mjólkursamsöluna. Árið 2015 voru þær 24 neikvæðar og árið 2017 voru þær einungis 6. Helstu viðmælendur ársins 2016 um Mjólkursamsöluna voru efst á lista með forstjóra Mjólkursamsölnnar, forstjóri Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjóri Félags Atvinnurekenda. Önnur ár ná viðmælendur

tengdari mjólkuriðnaði á blað í umræðunni um fyrirtækið og jákvæðar fréttir eru langt um fleiri en neikvæðar.

Ef þessi umfjöllun er sett í samhengi við alla umfjöllun um Samkeppniseftirlitið sl. 5 ár þá fjalla 8% allra fréttu um samskipti stofnunarinnar við Mjólkursamsöluna en á þeim tíma hefur ekki verið sýnt fram á annað að lokum en að fyrirtækið starfi innan þess laga ramma sem því er settur.

Þessi tímabil af neikvæðum fréttum hafa ekki enn þá komið í veg fyrir að ánægja almenningssálit með Mjólkursamsöluna sé mikil. Á þeim árum sem Samkeppniseftirlitið er ekki með háværan málarekstur gegn fyrirtækinu ná starfsmenn Mjólkursamsölnnar að segja frá vörubrúun og nýsköpun, samfélagslegri þátttöku fyrirtækisins og sinna verkefnum framtíðarinnar eins og umhverfismálum. Jákvæðar fréttir eru í miklum meirihluta.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
Verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

Óðals-Havartí með pipar

FRÉTTIR

Nú er kominn nýr ostur í hópinn, Óðals-Havartí með pipar. Hann er góður á t.d. hamborgara, rúnstykkið eða bara til að fá krydd í samlokuna! Salan á Óðalsostunum hefur gengið framar vonum frá því að þeir komu á markað í núverandi mynd haustið 2011. Á þessum árum hefur selt magn tvöfaldast! Markmiðið var að auðkenna betur sérostanu og setja þá alla undir eitt vörumerki.



Mozzarella perlor

FRÉTTIR

Vinsældir Mozzarella eru alltaf að aukast og nú er hægt að fá ostinn í litlum 3 g perlum sem auðvelt er að dreifa yfir salatið eða ofan á pizzuna. Perlurnar koma í handhægri dós sem hægt er að loka.

Mozzarella perlurnar eru framleiddar hjá KS á Saudárkróki og eru frábær viðbót í þessa vinsælu vörulínu. Í dósinni eru 180 g af ostaperlum (um 60 perlor).



Elin Nolsöe Grethardsdóttir - nýr ráðgjafi í mjólkureftirlitinu

FRÉTTIR



Elin tekur við starfi sem ráðgjafi í mjólkur eftirlitinu á Akureyri nú um mánaðarmótin. Flestir mjólkurframleiðendur í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum þekkja hana vel frá hennar störfum sem nautgripa-ræktarráðunautur hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins. Elin er með masters-próf í erfða- og kynbótafræðum frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og að Ás í Noregi. Við viljum bjóða Elinu velkomna til starfa og þakka Sigríði Bjarnadóttur fyrir vel unnin störf í þágu mjólkureftirlitsins nú þegar hún hverfur til annarra verkefna.

Fyrir hönd mjólkureftirlitsins
Jarle Reiersen

MS er stoltur styrktaraðili Reykjavíkurleikanna

FRÉTTIR

Í lok janúar og byrjun febrúar fóru fram Reykjavíkurleikarnir. Reykjavíkurleikarnir eru fjölgreina afreksíþróttamat sem haldið var í 11. sinn og fór keppni að mestu leyti fram í Laugardalnum og nágrenni hans. Margt af besta íþróttafólki landsins tók þar þátt í hinum ýmsu greinum ásamt sterkum erlendum gestum víðsvegar að úr heiminum. Glæsileg hátíðardagskrá var á báðum keppnishelgum og spennandi „off venue“ viðburðir sem almenningur gat tekið þátt í. Mjólkursamsalan er stoltur styrktaraðili Reykjavíkurleikanna og sá kynningarfólk MS um að kynna Hleðslu og aðrar vörur fyrirtækisins fyrir keppendum og áhorfendum leikanna.



Mjólkursamsalan afhenti Landspítala Kusu!

FRÉTTIR

Ari Edwald, forstjóri Mjólkursamsölnunnar, afhenti forsvarsmönnum Landspítalans nýtt CUSA tæki þann 23. janúar en safnað var fyrir tækinu síðasta haust í átakinu Mjólkin gefur styrk. D-vítamínþætt léttmjólk skipti þá tímabundið um útlit og runnu 30 krónur af hverri seldri fernu til tækjakaupa Landspítala. Alls söfnuðust um 15 milljónir króna.

Tækið, sem í daglegu tali er kallað Kusa, er annað af tveimur tækjum sem keypt voru fyrir söfnunarféð. CUSA er nánar tiltekið skammstöfun á Cavitron Ultrasonic Surgical Aspirator og er einkum notað við aðgerðir á lifur. Að sögn Ölmú Möller, framkvæmdastjóra aðgerðarsviðs og starfandi forstjóra Landspítala, fer slíkur aðgerðum fjölgandi ekki síst vegna þess að nú eru gerðar aðgerðir vegna meinvarpa frá ristilkrabbameini sem minna var gert af áður.

Nýja tækið leysir af hólmi 20 ára gamalt tæki og gerir skurðlæknum jafnframt kleift að gera slíkar aðgerðir um kviðsjá. Inngrip um kviðsjá er minna álag fyrir sjúklinginn sem þarf þá styttri sjúkráhúslu en ella. Þá voru enn fremur fest kaup á barkaspeglunartæki fyrir bráðamóttöku sem auðveldar barkaþræðingu hjá mikið slösuðum og veikum sjúklingum.



„Það er okkur sönn ánægja að geta lagt Landspítala lið fjórða árið í röð og vonum við að Kusan efli enn frekar það frábæra starf sem unnið er á spítalanum,“ sagði forstjóri Mjólkursamsölnunnar við afhendingu tækjanna.

Söfnunarátakið Mjólkin gefur styrk hefur á undanförunum fjórum árum veitt Landspítala styrki til tækjakaupa að verðmæti 60 milljónir króna.

Til upplýsinga fyrir félagsmenn um meðferð upplýsinga frá MAST

FRÉTTIR

Í tengslum við mjólkureftirlit Auðhumlu óskar félagið eingöngu eftir skýrslum frá MAST er varða mjólkurframleiðslu (*fjósaskoðunarvottorð*). Þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunum eru nafn bónda, netfang, nafn lögbýlis, heimilisfang, starfsstöð, hver var viðstaddur úttektina, tilefni úttektarinnar, hvenær eftirlitið var framkvæmt, hvenær skýrsla var lokað, tímanotkun MAST við úttekt auk frávika og frests til úrbóta. Tilgangurinn er að mjólkureftirlitið og dýralæknir þess geti aðstoðað mjólkurframleiðendur við að greiða og bæta úr frávikum sem skráð eru í skýrslunum.

Skýrslurnar frá MAST eru sendar til Auðhumlu á sérstakt netfang og hefur dýralæknir mjólkureftirlitsins einn aðgang að skýrslunum. Allar upplýsingar sem þar koma fram er farið með sem trúnaðarmál í samræmi við þagnarskylduákvæði í lögum um dýralækna og

heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998. Áætlað er að geyma nýjustu skýrslur MAST rafrænt á lokuðu svæði, en eldri skýrslur verður eytt samhliða.

Framkvæmdin hefur hingað til verið sú að MAST tilkynnir ekki frávik eða íhlutandi aðgerðir til Auðhumlu fyrr en þau eru gerð opinber. Með hinu nýja verklagi er hægt að efla skilvirkni þegar MAST finnur að matvælaöryggi og/eða dýravelferð í mjólkurframleiðslunni. Við þetta má bæta að MAST tekur frumkvæði Auðhumlu til samvinnu sem leiða á til bættra aðstæðna mjólkurframleiðenda fagnandi.

Garðar Eiríksson
Framkvæmdastjóri Auðhumlu

Til fyrirmyndar - alla leið

FRÉTTIR

Við bændur búum við ört vaxandi samkeppni, úr öllum áttum. Ekki síst erum við í samkeppni við innflutt matvæli. Við viljum geta sagt að okkar vörur séu betri...eða er það ekki? Við viljum að Auðhumla skili því hráefni sem það kaupir 100% í lagi til sinna kaupenda sem svo aftur koma því áfram til neytenda.

Innan Auðhumlu og MS er rekið öflugt gæðaeftirlit. Það verður að ná alla leið! Það byrjar í þeirri aðstöðu sem við höfum til að framleiða hráefnið, í fjósunum okkar! Það skiptir máli að Auðhumla hafi aðgang að fjósskoðunarskýrslum og hafi heimild til að taka út fjósin hjá okkur árlega. Það er liður í ásýnd okkar útávið, sem aftur er liður í markaðssetningu vörunnar.

Hvernig þætti fiskkaupanda ef hann mætti ekki sjá bátinn sem fiskurinn er veiddur á? Eða frystihúsið sem hann er unnin í? Hann myndi væntanlega snúa sér annað.

Við verðum að hugsa málið – alla leið! Tökum þátt í fyrirmyndar-búsverkefninu og skrifum undir viðskiptaskilmálana. Við viljum vera í sókn, ekki vörn!

Elín M. Stefánsdóttir Fellshlíð
Þórunn Andrésdóttir Bryðjuholti